
SÚÐAVÍKURHREPPUR

8. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR - MENNINGAR OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS, FÖSTUDAGINN 3. JÚLÍ 2020, KL. 11:00

Föstudaginn þann 3. júlí 2020 kl. 11:00 var haldinn fundur í fræðslu, tómstundar, menningar og kynningarnefnd Súðavíkurhrepps.

Mætt voru á fundinn: Stella Guðmundsdóttir (gegnum fjarfund), Elsa G. Borgarsdóttir, Oddný Bergsdóttir, Rúna Esradóttir, Þorsteinn Haukur Þorsteinsson og Anna Lind Ragnarsdóttir.

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundarins.

Fundargerð ritar Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

Dagskrá:

1. Val á íþróttamanni sveitarfélaga – erindi frá Ísafjarðarbæ.
2. Mötuneyti – fyrirkomulag og verðskrá.
3. Endurnýjun ráðningar – félagsmiðstöðin og skólahreysti.
4. Barnamenningarhátíð – viðburðir í sumar.
5. Hjónin í Hvítanesi – viðburður.
6. Líkamsrækt á Langeyri – rekstur/þífl o.fl.
7. Önnur mál til kynningar eða afgreiðslu.

Afgreiðsla fundar

1. Val á íþróttamanni sveitarfélaga – erindi frá Ísafjarðarbæ.

Nefndin tekur jákvætt í erindið og fagnar því að val á íþróttamann verði verði samræmt fyrir svæðið.

2. Mötuneyti – fyrirkomulag og verðskrá.

Nefndin leggur til að sama fyrirkomulag verði á mötuneytismálum í skólanum og verið hefur.

Endurskoðun verðskrár verði kláruð í byrjun nýs skólaárs.

3. Endurnýjun ráðningar – félagsmiðstöðin og skólahreysti.

Nefndin leggur til að óskað verði eftir því að viðkomandi verði endurráðin í

4. Barnamenningarhátíð – viðburðir í sumar.

Skoðað til næsta fundar með útfærslu og hvernig staðið yrði að slíkri hátíð.

Setja saman vinnuhóp til þess að taka þetta áfram.

5. Hjónin í Hvítanesi – viðburður.

Sameina viðburð með Vigurbónða og stefna á að halda þeim heiðurskaffi í Heydal. Stefna á 2. eða 3. helgina í ágúst 2020 (8. eða 15. ágúst). Sveitarstjóra falið að hafa umsjón með að samræma dagsetningar og hafa samband.

6. Líkamsrækt á Langeyri – rekstur/þrif o.fl.

Nefndin leggur til að þrif verði einu sinni í viku af hendi sveitarfélagsins. Óskað eftir viðræðum við Geisla um rekstur og endurnýjun tækja.

7. Súðavíkurskóli – erindi frá skólastjóra

Skóladagatöl liggja fyrir. 180 dagar eins og lögboðið er – byrjar 24. ágúst 2020. Skóladagatal lagt fyrir til kynningar og staðfestingar. Í fyrsta skipti undir 20 í skóla – erfið staða þar sem aðeins verða 16 nemendur og erfið samsetning. Hins vegar er aukning í leikskóla. Auglýst eftir starfskrafti í skóla og leikskóla – umsókn frá einum sem er með diplóma í kennslufræðum. Verið að skoða framhaldið með ráðningu starfskrafts í leik- og grunnskóla. Fyrir liggur að samningar kennara eru lausir og munu koma til skoðunar í haust.

8. Önnur mál til kynningar eða afgreiðslu.

a. Hlaupahátíð á Vestfjörðum – styrkbeiðni – 70 þúsund.

Nefndin leggur til að veita styrk upp á umbeðna fjárhæð.

b. Foreldrafélag mun skoða afstöðu til vetrarfrís í skóladagatal 2020/2021.

c. Skoða kynningu hjá Ísafjarðarbæ um frístundir og fá heimboð til að skoða hvað er í boði og hvernig væri hægt að sækja – ath rúta – samgöngur Vestfirðir.

Fleira ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Sign.


Stella Guðmundsdóttir


Elsa G. Borgarsdóttir

Rúna Esradóttir


Oddný Bergsdóttir


Anna Lind Ragnarsdóttir


Þorsteinn Haukur Þorsteinsson